

Vefrit fjármálaráðuneytisins

14. ágúst 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2008


[Greiðsluuppjör ríkissjóðs](#) fyrir fyrri helmingi ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppjörrinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 27,5 ma.kr. innan ársins, sem er 4,1 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 7,5 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan að gjöldin hækka um 22,9 ma.kr. króna. Hreinn lánsfjárfjórnuður er jákvæður um 26 ma.kr., sem er 66,3 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins námu rúmlega 225,5 ma.kr. sem er aukning um 7,6 ma.kr. frá sama tíma árið 2007 eða um 3,5% að nafnvirði. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 206 ma.kr. sem samsvarar 5,2% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 7,8% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 2,4% að raunvirði. Aðrar rekstrartekjur jukust um 16,4% frá sama tímabili í fyrra. Þar af er mest aukning í vaxtatekjum af skammtímalánum ríkissjóðs sem skýrist m.a. af því að innistæður ríkissjóðs eru meiri nú en í fyrra og vaxtastigið er herra.

Skattar á tekjur og hagnað námu tæplega 85 ma.kr. sem er aukning um 9,6% frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga um 46 ma.kr., tekjuskattur lögaðila rúmlega 12,5 ma.kr. og skattur af fjármagnstekjum tæplega 26 ma.kr.

Innheimta almennra veltuskatta nam 92,5 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og jókst um 2% að nafnvirði frá sama tíma árið áður en dróst hins vegar saman um 5,4% að raunvirði (miðað við hækkuð VNV án húsnæðis). Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunlækkun veltuskatta nú 5,6% en innheimta almennra veltuskatta gefur ágæta mynd af þróun innlestrar eftirspurnar. Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og skilaði hann ríkissjóði rúmlega 65,5 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,3% aukning að nafnvirði frá fyrstu sex mánuðum ársins 2007 en 6% raunlækkun.

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára 2000–2008 (m.v. VNV án húsnæðis og 6 mánaða hlaupandi meðaltal)



Greidd gjöld nema 198,3 ma.kr. og hækka um 22,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 13,1%. Mest hækkuð milli ára er á liðnum efnahags- og atvinnumál 4,9 ma.kr. eða 22,1% og munar þar mestu um 3 ma.kr. hækkuð til samgöngumála á milli ára. Greiðslur til almennrar opinberar þjónustu hækka um 19,1% og til almannatrygginga- og velferðarmála um 10,9%.

Lánsfjárfjórnuður ríkissjóðs er neikvæður um 7,4 ma.kr. á fyrri helmingi ársins, en var neikvæður um 74,5 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjórnuður nam 26 ma.kr. janúar til júní, en var neikvæður um 40,3 ma.kr. fyrir sama tímabili á síðasta ári.

Nýting heimildar til sérstakrar lántöku ríkissjóðs á árinu 2008

Sem kunnugt er samþykkt Alþingi nú í vor lög sem heimila fjármálaráðherra að taka á þessu ári lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða

jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt umfram þær lántökur sem fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kom fram að lántökuheimildin miðaði að tvennu. Annars vegar væri gert ráð fyrir að nýta mætti heimildina til töku erlends láns sem endurlánað verði Seðlabanka Íslands í því skyni að efla gjaldveisforða bankans. Hins vegar væri gert ráð fyrir að nýta mætti heimildina til aukinnar útgáfu ríkisverðbréfa á innlendum markaði, yrði þess talin þörf í því skyni að styrkja innlandan peninga- og gjaldveismarkað.

Þess misskilnings gæti í opinberri umræðu að lántökuheimildarinnar hafi verið aflað til þess að tafarlaust yrði hægt að ráðast af aðstæðum. Og í um-sögn efnahags- og skattanefndar um frumvarpið við þinglega meðferð þess segir : „ Ekki liggur fyrir hvernær eða að hvaða marki heimildin verður nýtt innanlands eða erlendis, en í fyrstu verður hún tæpast nýtt nema að hluta.“


Í framhaldi af samþykkt lántökuheimildarlaganna hefur verið unnið að málinu í samræmi við það sem að framan er rakið. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um auknar innlestrar lántökur ríkissjóðs í formi ríkis-bréfaútgáfu og gjaldveisforðinn hefur verið aukinn nokkuð með útgáfu ríkisvixla í evrum og bandaríkjadóllum.

Eins og fram kom í kostnaðarumsögn með frumvarpinu mun árleg afkoma ríkissjóðs versna um 500 milljónir króna fyrir hvert 0,1 % (10 punkta) sem vaxtakostnaður ríkissjóðs af lántökunni verður hærri en vaxtatekjur, miðað við að lántökuheimildin yrði nýtt að fullu. Það skiptir því ekki litlu að rétt sé á málum haldið.

Tekjur landsmanna 2007

Samkvæmt skattframtölum landsmanna fyrir árið 2007 námu tekjur einstaklinga 992 milljörðum króna. Þessum tekjum er skipt í tvo flokka með tilliti til skattlagningar, þ.e. launatekjur og fjármagnstekjur. Árið 2007 námu launatekjur landsmanna 610 milljörðum króna og höfðu aukist um 13,8% frá fyrra ári. Það ár námu fjármagnstekjur einstaklinga samtals 244 milljörðum króna. Á undanförunum árum hefur hlutur fjármagnstekna farið vaxandi í heildartekjum einstaklinga. Skattlagning fjármagnstekna var einfölduð árið 1997 þegar fallið var frá skattlagningu þeirra eins og um launaðar tekjur væri að ræða. Öran vöxt fjármagnstekna undanförunum má rekja til þess m.a. að möguleikar einstaklinga til að ávaxta fé sitt hafa farið mjög vaxandi. Skattstofn fjármagnstekna telur bæði vaxtatekjur, arð og leigutekjur en einnig arð af sölu hlutabréfa og það er síðasttali flokkurinn sem hefur vaxið langmest á undanförunum árum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Þar af voru 151 milljarðar króna vegna söluhagnaðar en 94 milljarðar vaxta-, arð og leigutekjur.

Hlutdeild fjármagnstekna af heildartekjum einstaklinga 2001–2007



Tekjur ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg.gjöld	13,9	5,2
Skattar á tekjur og hagnað	18,8	9,6
Eignarskattar	0,8	-23,0
Skattar á vöru og þjónustu	11,0	2,0
Tryggingagjöld	10,2	3,5
Tekjur alls	19,2	3,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	21,3	18,6
Heilbrigðismál	9,7	9,7
Alm.trygging. & velferðarmál	16,1	10,9
Efnahags- og atvinnumál	25,6	14,0
Menntamál	11,1	10,8
Gjöld alls	14,6	13,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní		
Milljónir króna	2007	2008
Handbært fé frá rekstri	28.690	27.470
Hreinn lánsfjárfjórnuður	-39.679	25.984
Afborgun lána	-35.556	-31.415
Brúttó lánsfjárfjórnuður	-77.215	-7.411
Lántökur	49.745	62.319
Breyting á handbæru fé	-27.470	54.908

Ýmsar hagstölur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (júlí)	3,8	13,6
Kjarnaverðbólga (júlí)	4,9	11,8
Launavísitala (júaní)	9,8	8,5
Heildarvelta (jan.-apríl)	11,8	7,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,6	2,8
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,0	1,2